

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. október 2014

Tilvísun: UST20141000020/ksj

### Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps (nú Bláskógabyggð) 2000 - 2012.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012. Breytingarnar er tillagan nær yfir eru lagfæringar og endurbætur á Reykjavegi sem er í dag 7,8 km malarvegur og færsla hans úr tengivegi í stofnveg og breytingar vegna tveggja nýrra efnisnáma, en námasvæðin ná inn á svæði á náttúruminjaskrá nr. 739. Einnig er áætlað að breyta legu syðsta hluta Reykjavegar. Einnig er áætlað að byggja nýja brú yfir Fullsæl.

### Efnisnámur - náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að efni vegna endurgerðar Reykjavegar verði tekið úr nálægum námum og að framkvæmdin verði að öllu leyti í samræmi við lög og reglugerðir. Einnig segir að í því skyni sé m.a. ráðgert að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna þriggja minni náma. Síðan segir að ein náma sé við Birkitanga í landi Efri Reykja, önnur í Norðurtúni í landi Syðri Reykja og sú þriðja sé við Hrosshól, syðst í landi Syðri Reykja. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að tvær af þeim námum í landi Syðri Reykja sem áætlað er að taka efni úr vegna ofangreindrar framkvæmdar eru að öllu leyti eða hluta inni á svæði nr. 739 á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjasskránni segir: "*Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf.*" Nú þegar fer fram efnistaka bæði við Birkitanga og Norðurtún. Við Norðurtún fer efnistakan fram í 175 m fjarlægð frá ánni þar sem næst er skv. skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Varðandi efnistöku úr námu við Birkitanga bendir Umhverfisstofnun á að öll efnistakan fer fram innan svæðis á náttúruminjaskrá. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að bakka Brúarár hefur verið raskað á námusvæðinu og þar hefur myndast slóði. Á uppdrætti aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 er efnisnáma sýnd í nágrenni Birkitanga en hún er sýnd milli vegar og svæðis á náttúruminjaskrá og því er uppdráttur úr aðalskipulagi er fylgir ofangreindri lýsingu ekki samhljóma uppdrætti gildandi aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 sem er á heimasíðu Skipulagsstofnunar

(<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425646935262500> skoðað 16. október 2014). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að á uppdrætti er fylgir lýsingu er efnisnáma sýnd inni á svæði fyrir frístundabyggð sem ekki fær staðist. Einnig bendir stofnunin á að skv. uppdrætti er fylgir erindinu er efnisnáman við Birkitanga að hluta fyrir innan og að hluta fyrir utan svæði á náttúruminjaskrá, en ef loftmynd á skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar er skoðuð kemur í ljós að efnistakan fer fram á svæði sem liggur 20 m -140 m frá Brúará þannig að náman öll er inni á svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun ítrekar að skv. náttúruminjaskrá, er verndarsvæðið 200 m spilda beggja vegna árinna, en reiknast ekki úr miðri á eins og gert er í lýsingu.

### **Efnisnámur - umhverfisáhrif**

Í lýsingu kemur fram að námur við Birkitanga og Norðurtún nái yfir 49.000 m<sup>2</sup> lands og að úr hverri þeirra verði tekin allt að 149.900 m<sup>3</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að í lið 2.a í öðrum viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meir, er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs eða staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum og skal tilkynna slíka framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 eru námur á verndarsvæði tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Þar af leiðandi hefði átt að tilkynna námu við Birkitanga til Skipulagsstofnunar við upphaf efnistöku.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gildir eftirfarandi varðandi skipulag við ár, vötn og sjó: *"Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m."* Umhverfisstofnun bendir því á að bæði er verið að raska svæði á náttúruminjaskrá með efnistöku svo nærri Brúará sem raun ber vitni, og að það er ekki heimilt skv. skipulagsreglugerð að vera með framkvæmdir svo nærri árbakka í dreifbýli.

### **Efnisnámur - aðalskipulag Biskupstungnahrepps**

Í lýsingu er vitnað í aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 hvað varðar markmið um samgöngur. Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 eru einnig markmið um efnisnámur. Í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 kemur eftirfarandi fram: *"gert er ráð fyrir að núverandi efnisnám í Brúará í landi Efri Reykja og Syðri Reykja verði lagt af sem fyrst á skipulagstímabilinu."* Efnisnám úr námu við Birkitangi hefði skv. aðalskipulaginu því ekki átt að vara lengi eftir gildistöku aðalskipulagsins. Að mati Umhverfisstofnunar hefur efnisnám við Birkitanga í Syðri Reyjum farið fram alfarið inni á svæði á náttúruminjaskrá og alls ekki í samræmi við gildandi aðalskipulagsuppdrátt. Nú er gert ráð fyrir auknu efnisnámi í námum við Birkitanga og í Norðurtúni í landi Syðri Reykja og ef svæðið er skoðað í skipulagsvefsjá sést að rask vegna efnistöku nær svo að segja að Brúará. Umhverfisstofnun er alfarið á móti efnistöku við Birkitanga, enda er efnisnámið inni á svæði á náttúruminjaskrá og efnistakan er hvorki í samræmi við gildandi aðalskipulag né skipulagsreglugerð. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka ofangreinda lýsingu til

gagngerar endurskoðunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við veglínu Reykjavegar eða efnisnámur að öðru leyti en því sem fram kemur að ofan.

Virðingarfyllt

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Dóra S. Gunnarsdóttir, Lækjarhjalla 38, 200 Kópavogur